



Til bæjarráðs

Kópavogi, 9. september 2025
25031723/103.03 ABS

Tillaga: Hækkun systkinaafsláttar í frístund

Á fundi bæjarráðs 4. september sl. var samþykkt tillaga um hækkun á systkinaafslætti í leikskólum. Jafnframt vísaði bæjarráð til grunnskóladeildar að vinna tillögu um breytingu á afslætti er varðar frístund fyrir næsta fund bæjarráðs.

Horft er til þess að systkinaafsláttur af dvalargjaldi barns í frístund grunnskóla, sem á yngra systkini (í frístund, leikskóla eða hjá dagforeldri) verði endurskoðaður til hækkunar úr 30% í 50%, í samræmi við tillögu leikskóladeildar um systkinaafslátt í leikskólum. Gert er ráð fyrir að tekjulækkun vegna þessarar breytingar sé um 22 m.kr. á ársgrundvelli eða tæplega 2,5 m.kr. á mánuði yfir starfstíma frístundar.

Gjöld vegna frístundar eru innheimt eftir á og er því innheimt fyrir september um næstu mánaðarmót, 1.okt. Ef breyting tæki gildi frá og með 1. sept. og kæmi til lækkunar á innheimtum dvalargjöldum 1.okt., þá væri áætlaður kostnaður (tekjulækkun) um 9,5 m.kr. á fjárhagsárinu 2025. Ef breyting tæki gildi síðar þá lækkar áætluð tekjulækkun um tæplega 2,5 m.kr. vegna hvers mánaðar.

Í tillögu leikskóladeildar um hækkun systkinaafsláttar sem samþykkt var í bæjarráði 4. september sl. var gert ráð fyrir að tekjulækkun rúmist innan fjárhagsáætlunar leikskóladeildar. Menntasvið gerir ekki ráð fyrir að tillaga um hækkun systkinaafsláttar í frístund geti rúmast innan fjárhagsáætlunar grunnskóladeildar á árinu 2025.

Menntasvið leggur því til að ákvörðun um hækkun systkinaafsláttar í frístund verði vísað til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar 2026.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

